

## Stjórnarfundur 20.október 2021 kl 20:00 á Kaffi 59

**Fundur settur:** Mættir eru Jófríður, Anna María, Helga Ingibjörg, Garðar og Valtýr.

**Fundargerð síðasta fundar:** Garðar var ritari síðasta fundar og leggur fram fundargerð og hún samþykkt.

**Aðalfundur 2021:** Fyrsta hugmynd 25. nóv., á fimmtudegi kl 18, jafnvel að borða saman. Í stjórn sitja áfram Garðar formaður, Jófríður ritari, Anna María gjaldkeri, Helga Ingibjörg í skálanefnd og Valtýr í vallarnefnd.

**Staða fjármála:** Rekstur klúbbsins er á pari við árið í fyrra, innkoma móta var lítil. Samræma þarf gjaldskrá klúbbsins hvað varðar árgjöldin þannig að það muni aðeins 10% á gjöldum.

**Framkvæmdir:** Finna þarf helgi í að skipta um glugga og taka eina hlið á skála. Garðar kom með tillögu af því að steypa fyrir framan vinnugáminn sem er um 6 fermetrar. Vatnstankur á eftir að fara niður sem og dælan, hugmynd hjá Garðari að setja hana við 9. teig og dæluna líka. Garðar búinn að fá mini gröfuna hjá Ásgeiri lánaða til að raka 2. braut og leggja vatnslagnir.

**Þing GSÍ:** Verður 19.-20. nóv., haldið á Fosshótelu í Rvík. Komin er dagskrá, okkur vantar 1-2 til að fara, Garðar og Valtýr bjóða sig fram til að fara.

**Kúluvél:** Erfitt er að halda í bolta á æfingasvæðinu því þeir virðast hverfa af æfingasvæðinu. Valtýr og Garðar vilja að keypt verði kúluvél hún kostar um 1 milljón. Hún er með posa og tekur 2500 kúlur, stjórnin leggur þessa hugmynd í hendur félagsmanna á aðalfundinum til að taka ákvörðun um þessi kaup.

### Önnur mál:

- Hvernig fáum við fólk á völinn? Garðar kom með hugmynd að nafnabreytingu á klúbbum t.d Kirkjufellsklúbbur. Gott væri að viðra þessa hugmynd á aðalfundi.
- Gott væri að virkja aftur rástímaskráningarkerfið, koma þarf þá skálavörðum inn í það.

- Tala þarf snemma við starfsfólk fyrir skála, Steinunni og ath. með Nicolu sem aðstoð.
- Kristmundsbikar verður framvegis sem minningarmót um fallna félaga og á næsta ári í kringum 19/8 verði minnst Bryndísar.

Fundi slitið 21:45 næsti fundur 17. nóv 18.30